

Bæjarstjórn Fjallabyggðar
Ingibjörg Guðlaug Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar.

Siglufjörður, 26. maí 2020.

Efni: Viðræðuhópur vegna samkomulags Rauðku ehf. og Fjallabyggðar. Skipan oddamanns.

Ég vísa til samskipta minna við bæjarstjórn Fjallabyggðar f.h. Rauðku ehf. og skyldra aðila í tilefni af ágreiningi um efndir fimm liða samkomulags frá 28. apríl 2012. Aðilar tilnefndu tvo aðila hvor í viðræðuhóp um lausn ágreiningsins, skv. B-kafla samkomulagsins. Fulltrúar Rauðku í viðræðuhópnum hafa haldið mér upplýstum um framvinduna, en þrír fundir hafa verið haldnir.

Á fundum hópsins hafa fulltrúar Rauðku lagt fram þá eindregnu ósk f.h. Rauðku að Fjallabyggð setji fram yfirlit yfir þær aðgerðir sem ráðast þarf í svo unnt sé að ljúka útistandandi verkefnum samkvæmt samkomulaginu. Ennfremur að gerð sé a.m.k. gróf tímaáætlun. Þetta hafa þeir talið nauðsynlega forsendu þess að viðræðuhópurinn ljúki vinnu sinni í sátt og með samkomulagi um framhaldið.


Þessari ósk hefur af einhverjum óskiljanlegum ástæðum verið hafnað ítrekað af fulltrúum Fjallabyggðar í viðræðunum, síðast á fundi 13. maí sl. Fóru fulltrúar Rauðku ehf. fram á að fulltrúar Fjallabyggðar endurskoðuðu þessa afstöðu sína. Hefur það ekki verið gert.

Fulltrúar Rauðku ehf. í viðræðuhópnum hafa tjáð mér þá afstöðu sína, að í ljósi framangreinds sé starf hópsins að óbreyttu ekki til þess fallið að skila niðurstöðu. Þessi afstaða bæjarstjórnar sem birtist hjá fulltrúum hennar í viðræðunum veldur vonbrigðum. Bendir hún eindregið til þess að afar takmarkaður áhugi sé á því af hálfu bæjaryfirvalda, að standa við fimm liða samkomulagið.

Af þessum sökum lít ég svo á að ekki hafi tekist að ná samkomulagi og því sé skylt að kalla til oddamann frá Lagastofnun Háskóla Íslands til að starfa með hópnun. Mun ég gera það á næstu dögum, f.h. hönd aðila.

Loks tel ég rétt að gera athugasemd við skipan viðræðuhópsins af hálfu Fjallabyggðar. Í hópnun fyrir hönd bæjarins situr Ásgeir Örn Blöndal Jóhannsson lögmaður, sem var lögmaður Báss ehf. í ágreiningsmáli gegn Rauðku ehf. fyrir héraðsdómi Norðurlands eystra. Það er öllum ljóst að Bás hefur barist hart gegn því að mikilvægir þættir samkomulagsins nái fram að ganga, m.a. í framangreindu dómsmáli. Sú staðreynd að Fjallabyggð tilnefni lögmann Báss í dómsmálinu, til að taka þátt í viðræðum um lausn ágreinings um samkomulagið, segir kannski allt sem segja þarf um afstöðu sveitarfélagsins. Skýrir það jafnframt tregðu fulltrúa Fjallabyggðar í viðræðuhópnum til að koma til móts við kröfur og sjónarmið fulltrúa Rauðku.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd Rauðku ehf. og skyldra aðila



Róbert Guðfinnsson.